



Verðbréfalýsing

8. október 2013

Efnisyfirlit

1	Áhættuþættir	3
1.1	Áhætta tengd útgefanda.....	3
1.2	Almenn áhætta skuldabréfa.....	4
1.2.1	Markaðsáhætta.....	4
1.2.2	Verðtrygging.....	4
1.2.3	Lagabreytingar.....	4
1.2.4	Taka skuldabréfanna til viðskipta.....	4
1.2.5	Eftirmarkaður.....	5
2	Tilkynning til fjárfesta	6
2.1	Yfirlýsingar stjórnar og forstjóra útgefanda.....	7
2.2	Umsjónaraðili.....	7
2.3	Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	7
2.4	Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins og framkvæmd útgáfunnar	8
2.5	Skilgreiningar.....	8
2.6	Skammstafanir og hugtök	9
3	Upplýsingar um skuldabréfin og töku þeirra til viðskipta	10
3.1	Forgangsröðun skuldabréfanna	11
3.2	Greiðsluskylda útgefanda.....	11
3.3	Rafræn skráning og framsal	11
3.4	Lög.....	11
3.5	Vanskil	12
3.6	Gjaldfellingarákvæði.....	12
3.6.1	Samþykki fyrir gjaldfellingu.....	12
3.6.2	Eiginfjárvöð	12
3.6.3	Upplýsingaskylda	13
3.6.4	Skuldsetning	13
3.6.5	Breyting á grundvallar rekstrarþáttum	13
3.6.6	Afnám einkaleyfis.....	13
3.6.7	Breyting á eignarhaldi.....	13
3.7	Veðsetning eigna.....	13
3.8	Takmörkun á vaxtaberandi skuldum	14
3.9	Prófunardagar.....	14
3.10	Jafn réttháar kröfur.....	14
3.11	Breyting á starfsemi útgefanda.....	14
3.12	Arðgreiðslur	14
3.13	Upplýsingaöflun.....	14
3.14	Skilmálabreyting	14

3.15	Afskráning.....	15
3.16	Skattaleg atriði	15
3.17	Taka skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni.....	15

1 ÁHÆTTUÞÆTTIR

HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ (hér eftir „HS Veitur“, „útgefandinn“ eða „félagið“) eiga og reka dreifiveitur fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Markaðssvæði félagsins er á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, í hluta Garðabæjar, í Árborg og í Vestmannaeyjum.

Í þessum kafla er fjallað um þá áhættuþætti sem HS Veitum er kunnugt um og skipta máli varðandi skuldabréfaflokkinn HSVE 13 01 (hér eftir „skuldabréfin“) sem útgefinn er af félaginu svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist honum. Kafli 1 í útgefandalýsingu HSVE 13 01 dagsettri 8. október 2013 um áhættuþætti sem eiga við um félagið og þá atvinnugrein sem það starfar innan, ásamt þessum kafla inniheldur að bestu vitund útgefanda tæmandi upptalningu á þeim áhættuþáttum sem máli kunna að skipta við að meta áhættu af fjárfestingu í skuldabréfum útgefnum af félaginu.

Afmörkun á áhættuþáttum getur verið með ýmsu móti og til eru ýmsar aðferðir við að flokka þá. Hér er reynt eftir fremsta megni að kortleggja alla þekkta áhættuþætti sem áhrif hafa á skuldabréf útgefin af félaginu og afmarka þá þannig að skörun þeirra sé sem minnst. Áhrifa fleiri en eins áhættuþáttar getur gætt samtímis. Áhrifin felast stundum í einum tímabundnum atburði en í öðrum tilvikum er um langvinn áhrif að ræða. Flestir áhættuþættirnir geta komið fram í litlum eða ríkum mæli, áhrif þeirra eru oft á tíðum ekki einhlít og innbyrðis tengsl flókin. Ekki er hægt að setja fram með neinni vissu líkur á því hvort einstakur áhættuþáttur geti haft keðjuverkandi áhrif og hrindi af stað fleiri áhættuþáttum. Hafa þarf í huga að ómögulegt getur reynst að spá fyrir um hversu mikil áhrif áhættuþátta verða og að áhrifin geta komið mjög seint fram. Ekki er því mögulegt að meta töluleg áhrif einstakra áhættuþátta skuldabréfa útgefina af félaginu.

Ekki er víst að hér sé fjallað um alla áhættuþætti sem gætu haft áhrif á skuldabréf útgefin af félaginu í framtíðinni, því áhættuþættir sem álitnir eru óverulegir í dag gætu þróast á þann veg að þeir hefðu veruleg áhrif síðar og eins gætu komið fram nýir áhættuþættir í framtíðinni sem ekki eru þekktir í dag.

Framsetning og uppröðun þeirra áhættuþátta sem hér er fjallað um fer ekki eftir mikilvægi eða líkum á því að viðkomandi áhættuþáttur hafi áhrif á skuldabréf útgefin af félaginu.

Útgefandi hefur áður gefið út skuldabréfaflokkinn HSVE 08 01, sem skráður er á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland, kt. 681298-2829, Laugavegi 182 (hér eftir „Kauphöllin“). Flokkurinn HSVE 08 01 er með lokagjalddaga 15. desember 2018.

1.1 Áhætta tengd útgefanda

Athygli er vakin á áhættu bæði varðandi rekstur og fjármál félagsins er haft getur áhrif á útgefanda. Þessari áhættu er lýst í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 8. október 2013. Útgefandi hefur birt fjárhagsupplýsingar er lýsa afkomu og stöðu félagsins en ársreikninga árunna 2011 og 2012 og árshlutareikning fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013 er að finna í útgefandalýsingu félagsins dagsettri 8. október 2013.

Fjallað er um skilmála skuldabréfanna í kafla 3 „Upplýsingar um skuldabréfin og töku þeirra til viðskipta“ en fremst í þeim kafla er fjallað um almenna skilmála skuldabréfanna. Fjallað er um forgangsröðun skuldabréfanna, greiðsluskyldu útgefanda, rafræna skráningu og framsal, lög og vanskil í köflum 3.1-3.5.

Fjallað eru um gjaldfellingarákvæði í kafla 3.6 „Gjaldfellingarákvæði“ en þau lúta að eiginfjárlutfalli (lágmark 35% samkvæmt hálfárs- eða ársuppgjöri), upplýsingaskyldu, skuldsetningu (útgefandi má ekki stofna til vaxtaberandi skulda í annarri mynt en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í, umfram 20% af heildar vaxtaberandi skuldum), breytingu á grundvallar rekstrarþáttum, afnám einkaleyfis og breytingu á eignarhaldi.

Ef þessi ákvæði eru brotin er hætta á því að gjaldfellingarheimild virkist. Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins sem taldar eru upp hér að ofan eru háðar því skilyrði að 15% skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð, samþykki slíkt á fundi sem eftirlitsaðili heldur skv. beiðni frá einstökum skuldabréfaeigendum (hér eftir

„fundur skuldabréfaeigenda“). Verði gjaldfelling samþykkt eiga kröfuhafar rétt til að krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar. Gjaldfelling getur haft í för með sér tap fyrir fjárfesta, vegna hugsanlegs taps á vaxtatekjum og vegna hugsanlegrar lækkunar á virði skuldabréfanna. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6 „Gjaldfellingarákvæði“.

Fjallað er um skilmála er lúta að veðsetningu eigna (útgefandi skuldbindur sig til þess að setja ekki eignir sínar að veði án skriflegs samþykkis 85% eigenda í skuldabréfaflokknum), takmörkun á vaxtaberandi skuldum (nettó vaxtagreiðslur mega ekki vera hærrí en 50% af aðlöguðum rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði og skatta yfir 12 mánaða tímabil), prófunardögum, jafn rétt háum kröfum, breytingum á starfsemi útgefanda, arðgreiðslum (óheimilt að greiða arð fari eiginfjárlutfall útgefanda við það undir 40%), upplýsingaöflun, skilmálabreytingu og afskráningu í köflum 3.6-3.15.

1.2 Almenn áhætta skuldabréfa

Fjárfesting í fyrirtækjaskuldabréfum felur í sér áhættu. Fjárfestar geta tapað verðmæti allrar fjárfestingar sinnar í skuldabréfunum eða eftir atvikum, hluta hennar. Skuldabréf bera markaðsáhættu sem felst í því að virði þeirra getur sveiflast ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa sveiflast almennt á mörkuðum. Ef ávöxtunarkrafa hækkar þá lækkar virði bréfanna og á hinn bóginn ef ávöxtunarkrafa lækkar þá eykst virði bréfanna. Margvísleg atriði geta orðið til þess að lækkarir verða á mörkuðum með fjármálagerninga og þá á verði skuldabréfanna, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Slíkir atburðir eru utan áhrifasviðs útgefanda. Skuldabréfum fylgir lagaleg og pólitísk áhætta en fjármála- og hlutabréfamarkaðir eru háðir því umhverfi sem stjórnvöld skapa á hverjum tíma. Miklar breytingar á því regluumhverfi sem stjórnvöld setja mörkuðum kunna að vera skaðlegar og skapa óróa á mörkuðum sem gæti leitt til verðbreytinga verðbréfa. Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni. Nánar er vikið að lagaumhverfi því sem um verðbréfin og útgefanda þeirra gilda í kafla 3.4 „Lög“. Fjárfestar ættu ætíð að byggja ákvörðun sína um fjárfestingu í skuldabréfaflokknum á eigin skoðun eða óháðri ráðgjöf sem þeir telja viðeigandi. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel starfsemi HS Veitna áður en ákvörðun er tekin um að fjárfesta í skuldabréfum sem tilheyra skuldabréfaflokknum. Fjárfestar eru enn fremur hvattir til að kynna sér vel innihald þessa kafla, þ.e. kafla 1 „Áhættuþættir“ í verðbréfalýsingunni sem og kafla 1 „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu dagsettri 8. október 2013.

1.2.1 Markaðsáhætta

Helsti markaðsáhættuþátturinn í tengslum við skuldabréfin eru breytingar á vöxtum á viðkomandi markaði. Markaðsvirði skuldabréfa lækkar, að öllu öðru óbreyttu, ef almennir vextir hækka og öfugt. Vaxtaáhætta er meiri á lengri skuldabréfum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér markaðsáhættu skuldabréfa og meta áhrif vaxtabreytinga á markaðsvirði skuldabréfanna.

1.2.2 Verðtrygging

Skuldabréfin eru verðtryggð og tengd vísitölu neysliverðs (VNV). Verðtryggingin hefur þau áhrif að höfuðstóll skuldabréfanna breytist í samræmi við breytingar á grunnvísitölu bréfanna og gildi VNV á hverjum afborgunar- og vaxtagjalddaga. Breytingar á VNV hafa einnig áhrif á greidda vexti af skuldabréfunum enda er höfuðstóll uppreiknaður miðað við gildi VNV áður en vextir eru reiknaðir.

1.2.3 Lagabreytingar

Um skuldabréfin gilda íslensk lög sem í gildi eru við dagsetningu verðbréfalýsingarinnar. Úrskurðir dómstóla, breytingar á íslenskum lögum eða stjórnsluframkvæmd, sem eiga sér stað eftir dagsetningu verðbréfalýsingarinnar, geta leitt til breytinga á skilmálunum.

1.2.4 Taka skuldabréfanna til viðskipta

HS Veitur þurfa að fylgja lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta hjá Kauphöllinni eins og þau eru á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerðum settum á grundvelli laganna, reglum Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012, um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja og reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga.

Brot á framangreindum lögum, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og reglum Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins geta haft neikvæð fjárhagsleg og ímyndarleg áhrif á HS Veitur. Viðurlög við brotum á reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerna geta meðal annars falist í áminningu sem Kauphöllin hefur heimild til að birta opinberlega, tímabundinni stöðvun á viðskiptum, viðurlögum í formi févítis og/eða að Kauphöllin taki verðbréf útgefanda úr viðskiptum. Um viðurlög við brotum á lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti fer eftir XV. kafla laganna.

Fyrirhuguð taka skuldabréfa í flokknum HSVE 13 01 til viðskipta hjá Kauphöllinni byggir á íslenskum lögum og reglugerðum sem eru í gildi við dagsetningu lýsingarinnar. Engin ábyrgð er tekin á áhrifum lagabreytinga, reglugerðarbreytinga eða ákvarðana dómstóla, sem átt geta sér stað eftir dagsetningu lýsingarinnar.

1.2.5 Eftirmarkaður

Ekki er víst að skilvirkur markaður hafi myndast með skuldabréfin við töku þeirra til viðskipta og ekki er öruggt að slíkur markaður myndist. Ekki hefur verið samið um viðskiptavakt með skuldabréfin og er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð fyrir tilstuðlan útgefandans.

Ef markaður myndast er ekki víst að um mikla veltu verði að ræða. Því munu fjárfestar ef til vill ekki geta selt skuldabréf sín jafn auðveldlega eða á eins góðu verði og ef um væri að ræða svipaðar fjárfestingar með þróaðan eftirmarkað.

Allir sem fjárfesta í skuldabréfunum verða að meta hentugleika fjárfestingarinnar út frá eigin aðstæðum. Sér í lagi ættu allir fjárfestar að:

1. Búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja marktækt mat á skuldabréfin.
2. Skilja mismunandi eiginleika skuldabréfa sem fjárfestingarkosts og skilja kosti og galla þess að fjárfesta í skuldabréfunum.
3. Kynna sér vel og skilja allar upplýsingar í lýsingu HS Veitna sem er dagsett 8. október 2013 og samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 8. október 2013, verðbréfalýsingunni, og samantekt dagsettri 8. október 2013.
4. Hafa aðgang að og búa yfir þekkingu á viðeigandi greiningartækjum til að meta, út frá eigin fjárhag, fjárfestingu í skuldabréfunum og áhrifin sem slík fjárfesting hefði á heildar fjárfestingasafn viðkomandi.
5. Hafa nægilega sterka fjárhags- og lausafjárstöðu til að geta staðið undir allri þeirri áhættu sem er samfara fjárfestingu í bréfunum.
6. Vera í stakk búnir til að bera þá áhættu sem tengjast skuldabréfunum og hafa fullan skilning á þeim skilmálum sem gilda um bréfin og geta metið (hvort sem er sjálfstætt eða með aðstoð fjármálaráðgjafa) mögulega þróun efnahags-, vaxta- og annarra þátta sem kunna að hafa áhrif á fjárfestinguna.

2 TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi er hluti af lýsingu HS Veitna dagsettri 8. október 2013, sem varðar beiðni stjórnar HS Veitna um töku útgefinna skuldabréfa af félaginu, í flokki HSVE 13 01, til viðskipta hjá Kauphöllinni. Framangreint fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, meðal annars lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB, sem hefur verið innleidd í íslensk lög. Lýsingin hefur verið yfirfarin og staðfest af Fjármálaeftirlitinu. Lýsingin samanstendur af þremur aðskildum skjölum; verðbréfalýsingu þessari, útgefandalýsingu dagsettri 8. október 2013 og samantekt dagsettri 8. október 2013.

Stjórn HS Veitna hefur óskað eftir að skuldabréf í flokki HSVE 13 01 verði tekin til viðskipta hjá Kauphöllinni en útgefandi uppfyllir öll skráningarskilyrði Kauphallarinnar, sem tilgreind eru í kafla 3.1 í reglum Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga frá desember 2009.

Fyrsti viðskiptadagur með skuldabréf í flokki HSVE 13 01 hjá Kauphöllinni verður tilkynntur af Kauphöllinni með minnst eins viðskiptadags fyrirvara. Fyrsti dagur viðskipta verður í fyrsta lagi þann 8. október 2013

Lýsingin inniheldur þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar fjárfestum til þess að þeir geti metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur HS Veitna sem og þau réttindi sem fylgja skuldabréfum í flokki HSVE 13 01. Fjárfestum er bent á að fjárfesting í skuldabréfum felur í sér áhættu og áður en ákvörðun er tekin um fjárfestingu í skuldabréfum í flokki HSVE 13 01 ættu fjárfestar að fara yfir allar upplýsingar í lýsingunni. Fjárfestum er sér í lagi ráðlagt að kynna sér þá áhættu- og óvissuþætti sem geta haft veruleg áhrif á HS Veitur og virði skuldabréfa í flokki HSVE 13 01, en þeim er lýst í kafla 1 „Áhættuþættir“ í verðbréfalýsingu þessari og í kafla 1 „Áhættuþættir“ í útgefandalýsingu 8. október 2013. Fjárfestum er bent á að gera eigin sjálfstæðar kannanir á þeim þáttum sem sérstaklega geta átt við fjárfestingu þeirra í skuldabréfum í flokki HSVE 13 01. Hver fjárfestir verður að byggja ákvörðun um fjárfestingu í skuldabréfum í flokki HSVE 13 01 á eigin athugunum og greiningu á þeim upplýsingum sem fram koma í lýsingunni. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á skuldabréfum í flokki HSVE 13 01 sem fjárfestingakosti. Fjárfestum er einnig ráðlagt að kynna sér eigin réttarstöðu, þ.m.t. skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestingu þeirra í skuldabréfum í flokki HSVE 13 01 og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 8. október 2013 skal ekki dreifa, senda eða miðla á annan hátt til landa eða í löndum þar sem birting krefst frekari skráningaraðgerða eða annarra aðgerða en þeirra sem íslensk lög og reglugerðir krefjast eða þar sem slíkt bryti í bága við lög eða reglugerðir í viðkomandi landi.

Í sumum lögsagnarumdæmum kunna lög að setja skorður við dreifingu verðbréfalýsingarinnar eða annarra skjala sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 8. október 2013. Því gera HS Veitur kröfu um að allir viðtakendur kynni sér og hagi athöfnum sínum í samræmi við slík lög og skorður. HS Veitur og umsjónaraðili eru ekki skaðabótaskyld vegna dreifingar þriðja aðila á verðbréfalýsingunni eða öðrum skjölum sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 8. október 2013 í neinni lögsögu.

Um HS Veitur gilda lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti og reglur Kauphallarinnar fyrir útgefendur fjármálagerninga eins og þau eru á hverjum tíma. HS Veitur er útgefandi skuldabréfaflokksins HSVE 08 01 sem hefur verið tekinn til viðskipta í Kauphöllinni og birtir félagið því opinberlega upplýsingar vegna viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda skuldabréfa.

Verðbréfalýsingin og önnur skjöl sem tilheyra lýsingu útgefanda dagsettri 8. október 2013 eru einungis birt á íslensku og má nálgast með rafrænum hætti á Adobe Acrobat sniði á vefsíðu HS Veitna¹ en útprentuð eintök má nálgast á skrifstofu HS Veitna, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ.

Upplýsingar í lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á þeim degi sem lýsingin er undirrituð. Komi fram mikilvægar nýjar upplýsingar, veigamikil mistök eða ónákvæmni er varða upplýsingar í lýsingum, sem máli geta skipt við mat á verðbréfunum og koma fram á tímabilinu frá því að lýsingin var staðfest, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og þar til víðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði hefjast, skal útbúa viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Viðaukinn skal staðfestur af Fjármálaeftirlitinu innan sjö virkra daga og birtur á sama hátt og upprunalega lýsingin. Einnig skal, ef nauðsyn krefur, gera viðauka við samantektina og þýðingu hennar og skal þar tekið mið af viðbótarupplýsingum þeim sem fram koma í viðaukanum.

2.1 Yfirlýsingar stjórnar og forstjóra útgefanda

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, lýsa hér með yfir að samkvæmt okkar bestu vitund eru upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjanesbæ, 8. október 2013

Fyrir hönd stjórnar HS Veitna hf.


Bjóvar Jónsson,

stjórnarformaður

Fyrir hönd HS Veitna hf.


Julius Jón Jónsson,

forstjóri

2.2 Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“) er umsjónaraðili með töku skuldabréfa í flokki HSVE 13 01 til víðskipta hjá Kauphöllinni.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur verið stjórn og stjórnendum HS Veitna til ráðgjafar við gerð lýsingarinnar og er hún byggð á upplýsingum frá HS Veitum, þar á meðal á upplýsingum úr ársreikningum félagsins fyrir árin 2011-2012 og árslutareikningi fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2013.

Skuldabréf í flokki HSVE 13 01 hafa þegar verið seld til fjárfesta í skiptum fyrir skuldabréf í flokki HSVE 08 01, einnig útgefin af HS Veitum.

2.3 Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Athygli fjárfesta er vakin á hagsmunum HS Veitna og Landsbankans vegna töku skuldabréfa HS Veitna til víðskipta hjá Kauphöllinni:

Landsbankinn er víðskiptabanki HS Veitna.

Markaðsvíðskipti Landsbankans önnuðust frumsölu skuldabréfanna í flokknum HSVE 13 01 og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans er umsjónaraðili vegna töku skuldabréfanna til víðskipta hjá Kauphöllinni. Markaðsvíðskipti og Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fá greidda þóknun frá HS Veitum vegna þessa.

¹ <http://hsveitur.is/HSCCompanyInfo/HSCCompanyBonds.aspx>

2.4 Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins og framkvæmd útgáfunnar

Tilgangur útgáfu skuldabréfaflokksins HSVE 13 01 er að endurfjármagna að hluta til skráðan skuldabréfaflokk félagsins HSVE 08 01 sem er á gjalddaga 15. desember 2018. Andvirði skuldabréfaflokksins var nýtt til þess að fjármagna langtímafjármögnunarsamning við lánadrottna útgefanda, þ.e. skuldabréfaeigendur HSVE 08 01. Tilkynning þess efnis var birt á vef Kauphallarinnar þann 15. apríl 2013.

Buðu HS Veitur öllum eigendum skuldabréfaflokksins HSVE 08 01 að kaupa í nýjum skuldabréfaflokki HSVE 13 01 og greiða fyrir með HSVE 08 01. HS Veitur buðust til að kaupa HSVE 08 01 miðað við uppreiknað nafnverð flokksins þann 18. apríl 2013 ásamt uppgreiðsluþóknun og áföllnum vöxtum frá 15. desember 2012 - 17. apríl 2013, sem hafði í för með sér að fyrir hverja eina krónu nafnverðs í HSVE 08 01 fengu skuldabréfaeigendur 1,3955 kr. að nafnverði í HSVE 13 01. Útreikningur uppgreiðsluþóknunar tók mið af mismuni á ætluðum vaxtatekjum HSVE 08 01 og vaxtakjörum í HSVE 13 01, núvirtum miðað við vaxtakjör HSVE 13 01.

HS Veitur gerðu það að skilyrði fyrir útgáfu nýja skuldabréfaflokksins að eigendur a.m.k. 67,5% skuldabréfaflokksins HSVE 08 01 myndu ganga að tilboðinu fyrir klukkan 22:00, miðvikudaginn 17. apríl 2013. Tilkynnt var um niðurstöðu tilboðsins fyrir opnun markaða þann 18. apríl 2013.

Skuldabréfaeigendur HSVE 08 01 sem ákváðu að taka þátt í endurfjármögnuninni, samþykktu með undirritun sammings við Landsbankann, með þeim skilmálum sem tilgreindir eru hér að ofan, í fréttatilkynningunni og í útgáfulýsingu skuldabréfsins HSVE 13 01 hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að ráðstafa allri þeirri fjárhæð sem kom í þeirra hlut við uppgreiðslu á skuldabréfaflokki HSVE 08 01, til að kaupa skuldabréf í skuldabréfaflokki HSVE 13 01 í samræmi við eign þeirra í HSVE 08 01. Við uppgreiðsluna minnkaði skuldabréfaflokkurinn HSVE 08 01, sem var áður að nafnvirði 6.000.000.000 króna, um 4.030.000.000 króna að nafnvirði. Þar að auki felldu HS Veitur eign sína niður í eigin skuldabréfum í HSVE 08 01 að nafnvirði 1.085.000.000 króna. Stærð HSVE 08 01 varð að þessu loknu 885.000.000 krónur að nafnvirði og er flokkurinn áfram skráður hjá Kauphöllinni.

2.5 Skilgreiningar

Í verðbréfalýsingu vísu hugtökin;

„HS Veitur“, „útgefandinn“ og „félagið“ til HS Veitna hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ, Íslandi,

„Landsbankinn“ til Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„Kauphöllin“ til NASDAQ OMX Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, Íslandi,

„umsjónaraðili“ til Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans hf., kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Íslandi,

„verðbréfalýsingin“ til verðbréfalýsingar þessarar, dagsettrar 8. október 2013,

„lýsingin“ til lýsingar HS Veitna dagsettrar 8. október 2013 sem samanstendur af verðbréfalýsingu þessari, útgefendalýsingu dagsettri 8. október 2013 og samantekt dagsettri 8. október 2013,

„fundur skuldabréfaeigenda“ til fundar sem eftirlitsaðili heldur skv. beiðni frá einstökum skuldabréfaeigendum vegna gjaldfellingarákvæða skuldabréfaflokksins,

„eftirlitsaðili“ til Deloitte ehf. kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi,

nema annað megi skilja af samhenginu eða sé tekið fram í textanum.

Þegar vísað er til tímasetninga í verðbréfalýsingu skal það túlkað sem tilvísun til tímasetninga að íslenskum staðartíma.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingunni er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

2.6 Skammstafanir og hugtök

ehf.	einkahlutafélag
f.h.	fyrir hönd
gr.	grein
hf.	hlutafélag
ISK	íslenskar krónur
kr.	íslenskar krónur
kt.	kennitala
m.a.	meðal annars
mgr.	málgrein
nr.	númer
sbr.	samanber
skv.	samkvæmt
VNV	Vísitala neysluverðs, reiknuð skv. Hagstofu Íslands
EBIT	Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði
þ.e.	það er

3 UPPLÝSINGAR UM SKULDABRÉFIN OG TÖKU ÞEIRRA TIL VIÐSKIPTA

Útgefandi:	HS Veitur hf., kt. 431208-0590, Brekkustíg 36, Reykjanesbæ.
Tegund bréfs:	Skuldabréfin eru jafngreiðslubréf, verðtryggð til 20 ára.
Flokkur:	Skuldabréfin eru í sama flokki og njóta jafnrar stöðu innbyrðis.
Útgáfudagur:	18. apríl 2013.
Lokagjalddagi:	15. júní 2033.
Heildarheimild flokks:	kr. 5.623.865.000,-
Útgefið nú:	kr. 5.623.865.000,-
Upphæð tekin til viðskipta nú:	kr. 5.623.865.000,-
Nafnverðseiningar:	1 kr.
Gjaldmiðill:	ISK
Nafnvextir:	3,75% fastir flatir ársvextir.
Verðtrygging:	Visitala neysluverðs – grunnildi 409,9 stig. Skuldabréfin eru bundin vísitölu neysluverðs með grunnildið 409,9 stig. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga vaxta og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Höfuðstóll skuldarinnar er reiknaður út áður en vextir eru reiknaðir.
Fyrsti vaxtadagur:	18. apríl 2013.
Fyrsti gjalddagi vaxta:	Höfuðstóll og vextir greiðast með 40 jöfnum greiðslum (e. annuity) í fyrsta sinn 15. desember 2013 og á sex mánaða fresti þar á eftir á fimmtánda degi mánaðarins („gjalddagar“). Fyrsta vaxtatímabilið er þó lengra en önnur og heildargreiðsla þess því hærrí. Ef ekki er tengdur bankareikningur við VS-reikning eiganda skuldabréfsins, sbr. 5. til 9. gr. reglugerðar nr. 397/2000, skal eigandinn snúa sér til útgefanda og framvísa viðeigandi eignarréttindum að skuldabréfinu til greiðslu. Framvísi eigandi eignarréttindum að skuldabréfi til greiðslu eftir gjalddaga, mun kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, verðbætur né dráttarvextir frá gjalddaga til framvísunardags.
Dagaregla:	30/360 (modified following adjusted).
Vísbending um ávöxtun:	Skuldabréfin voru gefin út á ávöxtunarkröfunni 3,75% á útgáfudegi þann 18. apríl 2013.
ISIN:	IS0000023158
Auðkenni:	HSVE 13 01
Heimild til útgáfu:	Á stjórnarfundi þann 11. desember 2012 samþykkti stjórn HS Veitna að gera tilboð til eigenda skuldabréfa í floknum HSVE 08 01 sem fól í sér að HS

	Veitur keypti skuldabréf í þeim flokki og greiddi með bréfum í nýjum skuldabréfaflokki HSVE 13 01.
Hlunnindi:	Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.
Útreikningsaðili:	Útgefandi.
Eftirlitsaðili:	Deloitte ehf. kt. 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.
Hlutverk eftirlitsaðila:	Að staðfesta og kanna sjálfstætt útreikninga útgefanda á fjármálakvöðum og hvort útgefandi uppfylli önnur skilyrði skuldabréfaflokks. Útgefandi skal birta skýrslur eftirlitsaðila í fréttakerfi Kauphallarinnar. Um skyldur eftirlitsaðila að öðru leyti fer eftir ákvæðum skuldabréfaflokksins og þjónustusamnings eftirlitsaðila við útgefanda sem gerður er á grundvelli ákvæða skuldabréfaflokksins.
Greiðsluaðili:	Landsbankinn, kt. 471008-0280, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.
Vörsluaðili:	Verðbréfaskráning Íslands hf., kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.
Stimpilgjald:	Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum. Útgáfa skuldabréfa í HSVE 13 01 fól í sér endurfjármögnun á eldri skuldabréfum (HSVE 08 01) og fjárhæð var ekki hærri en eldri útgáfan. Ekki þurfti því að greiða frekara stimpilgjald vegna útgáfunnar.

3.1 Forgangsröðun skuldabréfanna

Útgefandi hefur ekki samþykkt kvaðir í sambandi við útgáfu skuldabréfanna að undanskildum gjaldfellingarákvæðum þeirra (sjá kafla 3.6 „Gjaldfellingarákvæði“) sem hafa áhrif á hæfi hans til að taka á sig frekari skuldir jafnstæðar skuldbindingum skuldabréfanna. Skuldabréfin eru því ekki víkjandi gagnvart núverandi eða framtíðarskuldbindingum útgefanda.

3.2 Greiðsluskylda útgefanda

Útgefanda er skylt að greiða skuldabréfin og vexti af þeim á gjalddaga. Ábyrgðarskylda útgefandans vegna bréfanna telst bein, ótryggð, skilyrðislaus og óvíkjandi skuldbinding. Skuldabréfin njóta jafnrar stöðu innbyrðis og skal meta til jafns við aðrar beinar, ótryggðar, skilyrðislausar og óvíkjandi skuldbindingar útgefandans. Ekki er heimild til að flýta niðurgreiðslu skuldabréfanna.

3.3 Rafræn skráning og framsal

Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skuldabréfin eru gefin út með rafrænum hætti í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og er reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa, einum heimilt að annast milligöngu um framsal á þeim. Eignaskráning rafréfa hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf., að undangenginni lokafærslu Verðbréfaskráningar Íslands hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréf þessi.

3.4 Lög

Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi mál útaf skuldabréfunum skal reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um meðferð mála sem tengjast skuldabréfunum vísast til 17. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Skuldabréfin bera fasta verðtryggða vexti og um þau gilda lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 150/2007, um fyrningu kröfuréttinda, fynrast kröfur samkvæmt skuldabréfi og kröfur sem skráðar hafa verið með rafrænni skráningu í verðbréfamiðstöð á 10 árum frá gjalddaga. Þessi fyrningarfestur á ekki við um kröfur um vexti og verðbætur sem fynrast á fjórum árum frá gjalddaga í samræmi við almennan fyrningarfrest kröfuréttinda sem tilgreindur er í 3. gr. sömu laga.

Skuldabréfin eru skráð rafrænt og því gilda um þau lög nr. 131/1997, um rafræna eignaskráningu verðbréfa.

Sótt hefur verið um töku bréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni og því gilda um skuldabréfin lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

3.5 Vanskil

Greiði útgefandi ekki á gjalddaga skuldabréfanna, enda hafi skuldabréfaeigandi fyrir þann tíma framvísað með sannanlegum hætti staðfestingu á eign sinni á VS reikningi hjá reikningsstofnun, er skuldabréfaeiganda heimilt að innheimta dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndarálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð.

Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi 30 dögum eftir gjalddaga höfuðstóls eða 30 dögum eftir að innheimtubréfi hafi verið framvísað til greiðslu, enda hafi skuldabréfaeigandi þá ekki fengið greitt í gegnum VS reikning hjá Verðbréfaskráningu Íslands, er skuldabréfaeiganda heimilt að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Sama gildir ef skuldari leitar nauðasamninga eða ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta.

3.6 Gjaldfellingarákvæði

3.6.1 Samþykki fyrir gjaldfellingu

Allar gjaldfellingarheimildir skuldabréfaflokksins sem taldar eru upp hér að neðan eru háðar því skilyrði að 15% skuldabréfaeigenda m.v. fjárhæð samþykki slíkt á fundi skuldabréfaeigenda sem eftirlitsaðili heldur skv. beiðni frá einstökum skuldabréfaeigendum. Verði gjaldfelling samþykkt eiga kröfuhafar rétt til að krefjast þess að útgefandi greiði útistandandi kröfur vegna skuldarinnar auk uppsafnaðra vaxta, verðbóta og innheimtukostnaðar vegna gjaldfellingarinnar.

Eftirlitsaðili annast fundarboðun og skal ávallt boða til fundar skuldabréfaeigenda með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Eftirlitsaðili sendir tilkynningu til útgefanda sem samdægurs skal koma tilkynningunni til Kauphallarinnar og Verðbréfaskráningar Íslands hf. sem kemur henni áleiðis til skuldabréfaeigenda. Atkvæðisréttur skuldabréfaeigenda miðast við fjárhæðir hvers skuldabréfaeiganda sem hlutfall af skuldabréfaflokknum. Útgefandi hefur rétt til að tjá sig á slíkum fundi. Útgefandi og tengdir aðilar hafa ekki heimild til að greiða atkvæði á fundi skuldabréfaeigenda á grundvelli skuldabréfa í þeirra eigu og skulu bréf þeirra ekki teljast með í heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins (skilgreining á tengdum aðilum miðast við ákvæði 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007). Fundarboðun, fundargögn og niðurstöður fundar skuldabréfaeigenda skulu birt í fréttakerfi Kauphallarinnar og skal eftirlitsaðili hlutast til um að útgefandi birti slíkar upplýsingar. Sé gjaldfellingarheimild ekki lengur til staðar á fundardegi skal eftirlitsaðili afboða fund skuldabréfaeigenda. Ef skilyrði gjaldfellingarheimildar er til staðar er ávallt heimilt að gjaldfella skuldabréfið. Heimild til gjaldfellingar í neðangreindum tilvikum fellur niður ef skuldabréfaeigendur nýta sér ekki heimild til gjaldfellingar innan sex mánaða frá birtingu skýrslu eftirlitsaðila (sjá kafla 3 „Eftirlitsaðili“ og kafla 3.9 „Prófunardagar“). Við birtingu hvernar skýrslu eftirlitsaðila hefst nýr gjaldfellingarfrestur. Gjaldfellingarheimildir eru óháðar efni skýrslu eftirlitsaðila.

3.6.2 Eiginfjárvöð

Skuldabréfaeigendur hafa heimild til að gjaldfella skuldabréfið komi í ljós við birtingu uppgjörs að eiginfjárlutfall sé undir 35%, miðað við uppgjörsgdag og útgefandi bætir ekki úr innan 30 daga. Fari eiginfjárlutfall á einhverjum tímamarki niður fyrir 20% er útgefanda skylt að upplýsa skuldabréfaeigendur samstundis og er skuldabréfaeigendum þá heimilt að gjaldfella skuldina bæti útgefandi ekki úr innan 5 daga. Við útreikning á eigin fé skal ekki meta óskráðar eignir á herra verði en kostnaðarverði og lækka hlutfallslega ef

verðmæti slíkra eigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu útgefanda eða annarra, eru seldar á lægra verði en upphaflegt kostnaðarverð. Ef skráðar eignir eru í óskráðu dótturfélagi útgefanda skal eigi meta dótturfélagið á hærri verði en markaðsverði undirliggjandi eignar eins og undirliggjandi eign er metin á markaði. Óefnislegar eignir umfram 5% af heildareignum útgefanda koma til frádráttar á útreikningi eigna og eigin fjár við útreikning eiginfjárlutfalls. Eiginfjárlutfall er reiknað með því að deila eigin fé við heildareignir útgefanda.²

3.6.3 Upplýsingaskylda

Skuldabréfaeigendum er heimilt að gjaldfella skuldabréfið sinni útgefandi ekki upplýsingaskyldu til skuldabréfaeigenda í samræmi við grein 4.1. í „Reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga“ útgefnar af Kauphöllinni 1. desember 2009.

3.6.4 Skuldsetning

Útgefandi færir bókhald sitt og gerir upp í íslenskum krónum. Rekstrarkostnaður og tekjur útgefanda eru í íslenskum krónum. Á líftíma þessa skuldabréfaflokks skuldbindur útgefandi sig til að stofna ekki til hærri vaxtaberandi skulda, í annarri mynt en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í, en sem nemur 20% af heildar vaxtaberandi skuldum. Komi til þess að útgefandi stofni til vaxtaberandi skulda í annarri mynt en þeirri sem rekstrarkostnaður og tekjur eru í, umfram 20% af heildar vaxtaberandi skuldum, hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldabréfið.

3.6.5 Breyting á grundvallar rekstrarþáttum

Útgefandi skilgreinir grunnþætti í rekstri sínum með eftirfarandi hætti: Rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Útgefandi skuldbindur sig til að breyta ekki grundvallaratriðum í rekstrarþáttum sínum. Komi til þess að útgefandi breyti atriðum í rekstri félagsins, láti af rekstrarþáttum félagsins eða selji ráðandi hluti í þeim eignum félagsins, sem styðja við rekstur þessara grundvallarrekstrarþátta, hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldina, að því tilskildu að fyrirsjáanlegt sé að slík breyting og/eða sala hafi umtalsverð neikvæð áhrif á aðrar kvaðir þessa skuldabréfaflokks.

3.6.6 Afnam einkaleyfis

Útgefandi hefur einkaleyfi á starfsemi sinni sbr. 8. gr. laga nr. 10/2001 um stofnun hlutafélags um Hitaveitu Suðurnesja. Verði breytingar á lögum þannig að einkaleyfi útgefanda verði fellt niður eða ógilt hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldabréfið.

3.6.7 Breyting á eignarhaldi

HS Veitur skulu ávallt vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem eru alfarið í eigu þessara aðila, sbr. b lið, 4.gr. laga nr. 58/2008, um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði, enda eru HS Veitur dreifiveita í skilningi laganna. Verði breytingar á lögum sem leiða til breytinga á eignarhaldi útgefanda og ef meirihlutaeign eignarhalds útgefanda er ekki lengur hjá ríki, sveitarfélögum og/eða fyrirtækjum, sem eru alfarið í eigu þessara aðila, hafa skuldabréfaeigendur rétt til að gjaldfella skuldabréfið.

3.7 Veðsetning eigna

Útgefandi skuldbindur sig til þess að setja ekki eignir sínar að veði án skriflegs samþykkis 85% eigenda í skuldabréfaflokki HSVE 13 01, miðað við fjárhæð. Útgefandi og tengdir aðilar hafa ekki heimild til að greiða atkvæði á fundi skuldabréfaeigenda vegna veðsetningar eigna á grundvelli skuldabréfa í þeirra eigu og skulu bréf þeirra ekki teljast með í heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins (skilgreining á tengdum aðilum miðast við ákvæði 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti).

² Eiginfjárlutfall = eigið fé / heildareignir

3.8 Takmörkun á vaxtaberandi skuldum

Útgefandi skuldbindur sig til að takmarka vaxtaberandi skuldir þannig að nettó vaxtagreiðslur (greiddir vextir langtímalána að frádregnum vaxtatekjum) yfir 12 mánaða tímabil verði ekki hærrí en sem nemur 50% af aðlöguðum rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði og skatta yfir sama 12 mánaða tímabil (e. Normalized EBIT).³

3.9 Prófunardagar

Allar fjármálakvaðir skulu reiknast af útgefanda tvisvar sinnum á ári. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörstegi og rekstrarliðir við undangengna 12 mánuði frá uppgjörstegi. Prófunardagur skal vera eigi síðar en 2 vikum eftir undirritun ársreiknings annars vegar og 6 mánaða uppgjörstegis hins vegar. Fyrsti prófunardagur tekur mið af ársreikningi 2013. Útgefandi skal senda eftirlitsaðila öll nauðsynleg gögn innan 2ja vikna frá prófunardegi. Eftirlitsaðili skal skila skýrslu sinni eigi síðar en 2 vikum seinna.

3.10 Jafn rétttháar kröfur

Kröfur samkvæmt skuldabréfaflokki þessum standa ávallt jafnar og óheimilt er að inna af hendi greiðslu af höfuðstól eða vegna vaxta til skuldabréfaeiganda nema sama hlutfall sé greitt til allra skuldabréfaeiganda. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir að útgefandi kaupi skuldabréf í flokki þessum á markaði af einum eða fleiri skuldabréfaeigendum.

3.11 Breyting á starfsemi útgefanda

Útgefandi skuldbindur sig til þess að skipta ekki útgefanda upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög eða taka þátt í samruna nema með samþykki aukins meirihluta eða 85% eigenda í skuldabréfaflokki þessum, miðað við fjárhæð. Útgefandi og tengdir aðilar hafa ekki heimild til að greiða atkvæði á fundi skuldabréfaeigenda vegna breytinga á starfsemi útgefanda á grundvelli skuldabréfa í þeirra eigu og skulu bréf þeirra ekki teljast með í heildarfjárhæð skuldabréfaflokksins (skilgreining á tengdum aðilum miðast við ákvæði 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti).

3.12 Arðgreiðslur

Skilyrði arðgreiðslu, í hvaða formi sem hún kann að vera, er að engar vanefndir séu til staðar eða fyrirsjáanlegar. Óheimilt er að greiða arð fari eiginfjárlutfall útgefanda við það undir 40%.

3.13 Upplýsingaöflun

Útgefanda og eftirlitsaðila er heimilt að afla upplýsinga um skráða eigendur skuldabréfaflokksins á hverjum tíma frá Verðbréfasráningu Íslands hf.

3.14 Skilmálabreyting

Aukinn meirihluta skuldabréfaeigenda í skuldabréfaflokki þessum, sem nemur 85% eigenda miðað við fjárhæð, þarf til að samþykkja skilmálabreytingar skuldabréfaflokksins. Ávallt skal miðað við fjárhæð að frádregnum skuldabréfum í eigu útgefanda og tengdra aðila sem ennfremur er óheimilt að greiða atkvæði á fundi skuldabréfaeigenda vegna skilmálabreytingar á grundvelli skuldabréfa í þeirra eigu (skilgreining á tengdum aðilum miðast við ákvæði 100. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti). Útgefandi skal annast fundarboðun vegna skilmálabreytingar og skal ávallt boða til fundar með tveggja vikna fyrirvara að lágmarki. Fundarboðun, fundargögn, niðurstöður fundar vegna skilmálabreytingar sem og allar formlegar breytingar á skilmálum skuldabréfaflokksins skulu tilkynnt Verðbréfasráningu Íslands hf. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfasráningu Íslands hf. um hvers kyns breytingar á skilmálum hinna útgefna skuldabréfa.

³ Nettó vaxtagreiðslur sem hlutfall af EBIT = (greiddir vextir langtímalána - vaxtatekjur) / aðlöguð EBIT

3.15 Afskráning

Skuldabréfaflokkur verður afskráður úr kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. sjö sólarhringum eftir lokagjaldsdaga nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Verðbréfaskráningu Íslands hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilvikum senda Verðbréfaskráningu Íslands hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

3.16 Skattaleg atriði

Í því landi þar sem HS Veitur eru með skráða skrifstofu og þar sem sótt er um töku skuldabréfanna til viðskipta fara allar greiðslur sem tengjast bréfunum fram af hálfu útgefanda án þess að innheimtur sé staðgreiðsluskattur eða önnur gjöld vegna núverandi eða framtíðargreiðslu hverskonar skatta eða gjalda sem lögð eru á af skattfyrirvöldum í hvaða lögsagnarumdæmi sem er, nema slíkrar innheimtu eða frádráttar sé krafist í samræmi við lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts er hjá reikningsstofnun sem varsla viðkomandi skuldabréf. Við birtingu lýsingarinnar er tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar 20% af þeim tekjum. Útgefandi mun ekki framreiða aukalega greiðslu vegna upphæða sem haldið var eftir vegna skatta eða frádráttar í samræmi við lög.

Um skattlagningu tekna vegna fjárfestingar í skuldabréfum fer samkvæmt íslenskri skattalöggjöf á hverjum tíma, m.a. lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hér á eftir fer stutt samantekt á skattalegri meðhöndlun skuldabréfa samkvæmt núgildandi lögum. Mælt er með því að fjárfestar kynni sér íslenska og eftir atvikum erlenda skattalöggjöf og athugi að breytingar kunna að verða á lögum. Samantekt þessi er ekki tæmandi og er fjárfestum ráðlagt að leita ráðgjafar frá þriðja aðila varðandi skattalegar afleiðingar þess að fjárfesta í skuldabréfum.

Allar greiðslur tengdar skuldabréfum útgefnum af HS Veitum, þar sem skrifstofa félagsins er skráð og þar sem sótt er um töku skuldabréfanna til viðskipta, eiga sér stað án staðgreiðslu eða frádráttar vegna eða í tengslum við núverandi eða tilvonandi skatt eða álagningu hvaða nafni sem nefnist og innheimtur er af hvaða skattayfirvöldum sem er, nema þar sem lög gera kröfu um slíka staðgreiðslu eða frádrátt, sbr. lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og/eða lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda eða önnur lög sem kunna að öðlast gildi. Í slíkum tilvikum greiða HS Veitur ekki nein aukaleg gjöld af upphæðum sem haldið er eftir í samræmi við slíka staðgreiðslu eða frádrátt.

Útgefandi hefur greitt stimpilgjald af skuldabréfunum. Útgáfa skuldabréfa í HSVE 13 01 fól í sér endurfjármögnun á eldri skuldabréfum (HSVE 08 01) og fjárhæð var ekki hærri en eldri útgáfan. Ekki þurfti því að greiða frekara stimpilgjald vegna útgáfunnar. Sala skuldabréfanna er ekki stimpilskyld.

3.17 Taka skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni

Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta hjá Kauphöllinni, sem er skipulegur verðbréfamarkaður í skilningi íslenskra laga sem gilda hverju sinni um markaði með fjármálagerninga.

Áætlað er að bréfin verði í fyrsta lagi tekin til viðskipta hjá Kauphöllinni þann 15. október 2013.

Áætlaður heildarkostnaður vegna töku bréfanna til viðskipta er um 5.000.000 kr.